



## Fundargerð

**416. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 11. janúar 2018. Þetta er 1. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyranda velkomna.  
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá:

### **II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

8. 1801011 Stuðningsyfirlýsing við tilnefningu ríkisstjórnar Íslands um að svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs verði tekið inná heimsminjaskrá UNESCO. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. dags. 05. janúar 2018.

9. 1801012 Deiliskipulag vegna uppbyggingar á nærsvæði Íþróttarniðstöðvar og skóla.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### **Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi**

*Sveitarstjóri sat fund almannavarnarnefndar 20. desember sl. þar sem kynntar voru fyrirætlanir um uppbyggingu almannavarnarkerfis á Suðurlandi ásamt því að ný hópslysaáætlun var undirrituð. Sveitarstjórn sendi frá sér tilkynningu vegna rútuslyssins í Eldhrauni á milli jóla- og nýárs þar sem skorð var á samgönguráðherra að veita fjármagni í aukna vetrarþjónustu á þjóðvegi I austan Víkur. Nú þegar hefur verið brugðist við þessari áskorun sem er virkilega ánægjulegt og ber að þakka ráðherra samgöngumála fyrir skjót viðbrögð. Áfram þarf þó að halda á lofti mikilvægi þess að Vegagerðin skipuleggi betur og útbúi af- og fráreinar á þjóðvegi I við afleggjara og áningarstaði og fjármagn sé sett í slikar framkvæmdir. Sveitarstjóri átti fund með forstöðumanni Kirkjubæjarstofu vegna útfærslu á tillögu A og er næsti fundur áætlaður fljótlega þar sem farið verður yfir mögulegar útfærslur á heimavistarálmu miðað við breytta notkun. Sveitarstjóri og oddviti áttu fund með sérfræðingum Forsætisráðuneytisins í þjóðlendumálum ásamt stjórnarmönnum veiðifélags Skaftártungumanna vegna Hálandismiðstöðvarinnar Hólaskjóls.*

### **Dagskrá**

#### **I. Fundargerðir til samþykktar**

1. 1708002 Fundargerð fjallskilanefndar Landbrots- og miðafréttar. dags. 18. desember 2017

#### **1801010 Samningur við Vatnajökulsþjóðgarð**

Samkvæmt bréfi frá Vatnajökulsþjóðgarði dagsett 24. apríl 2017 var samningi milli Skaftárhrepps, fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar og Vatnajökulsþjóðgarðs sagt upp. Fjallskilanefnd hefur verið mjög ánægð með þetta samstarf og vill halda því áfram. Formanni falið að semja við Vatnajökulsþjóðgarð á svipuðum nótum og samningurinn sem rennur út 1. maí 2018.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra ásamt formanni fjallskilanefndar að gera áframhaldandi samning um rekstur skálanna með skilyrði um að í samningi verði tilgreint að Vatnajökulsþjóðgarður greiði árlega þá skatta og gjöld sem falla til á samningstíma. Jafnframt fer sveitarstjórn fram á að tilgreint verði í samningnum að samningshafar séu ábyrgir fyrir að afla tilskilinna leyfa í samræmi við þá starfsemi sem fram fer í húsinu.*

*HGD  
HGA*



# Skaftárhreppur

Aðrir liðir fundargerðir kynntir sveitarstjórn.

2. 1801006 Fundargerð 133. fundar skipulagsnefndar. dags. 9. janúar 2018

## 1. 1706011 Íþróttavöllur á Kirkjubæjarklaustri

Skipulagsfulltrúi leggur fram 4 tillögur að hentugu svæði fyrir íþróttavöll á Kirkjubæjarklaustri í samræmi við beiðni nefndarinnar frá 7. nóvember 2017.

*Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að vinna lýsingu á breytingu á aðalskipulagi.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## 2. 1603043 Deiliskipulag hesthúsasvæðis

Deiliskipulagið var auglýst frá 9. febrúar 2017 til og með 27. mars 2017 engar athugasemdir bárust við tillöguna en ein umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Brugðist hefur verið við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins og er skipulagið lagt fyrir til samþykktar.

*Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið og áorðnar lagfæringar og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða hana skv. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Eva Björk Harðardóttir oddviti víkur af fundi og felur Heiðu Guðnýju Ásgeirs dóttur að taka við stjórn hans.*

## 3. 1606004 Breyting á deiliskipulagi í landi Efri-Víkur

Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagsлага nr. 123/2010 frá 20. nóvember til 18. desember 2017. Engar athugasemdir bárust að undanskildum tölvupósti frá Vegagerðinni sem dró til baka beiðni um að breyta aðkomuvegi inn á deiliskipulagssvæðið þar sem eftir uppmælingu á veginum var ljóst að hann var réttur á gildandi deiliskipulagi. Legu aðkomuvegar að Selhólavegi 6 er hins vegar breytt og styttist vegurinn til muna við þá breytingu.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með þegar gerðum breytingum og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til afgreiðslu Skipulagsstofnunar.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundar og tekur við stjórn hans.*

## 4. 1801001 Efnistaka úr Kúðafljótsbakka vestan ár – ósk um framkvæmdarleyfi

Umsókn frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Kúðafljótsbakka (nr. 15590 í námukerfi Vegagerðarinnar) vegna lagningar bundins slitlags á Suðursvæði ásamt fleiri framkvæmdum. Alls er áætlað að taka um 17.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni frá febrúar til september 2018.

*Skipulagsnefnd samþykkir að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Kúðafljóti vestan ár eins og henni er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn með fyrirvara um samþykki landeiganda. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málini.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

BB  
HVA



## 5. 1801002 Efnistaka úr Hörgsá 2 – ósk um framkvæmdarleyfi

Umsókn frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Hörgsá 2 (nr. 22550 í námukerfi Vegagerðarinnar) vegna yfirlagningar bundins slitlags á Suðursvæði. Alls er áætlað að taka um 6.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni og er það áætlað á yfirlagnir á vegum í námunda við hana. Vinnslutími er febrúar til september 2018.

*Skipulagsnefnd samþykkir að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Hörgsá 2 eins og henni er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn með fyrirvara um samþykki landeiganda. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## 6. 1606003 Hemra deiliskipulag frístundalóð

Umsögn Skipulagsstofnunar vegna erindi Skaftárhrepps frá 17. nóvember 2017 vegna deiliskipulags í landi Hemru landnr. 209887.

*Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að tilkynna viðkomandi aðilum um niðurstöðu Skipulagsstofnunar.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 1801007 Orkunýtingarstefna SASS 2017-2030 – beiðni um umsögn.

Fundarhlé kl. 13:52-14:23

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar gerð stefnunnar og tekur undir mikilvægi þess að sú orka sem verður til á Suðurlandi nýtist til uppyggings og starfsemi í landshlutanum.*

Z-listi óskar bókunar:

*Z-listinn Sól í Skaftárhreppi fagnar framlagðri orkunýtingarstefnu og þakkar vinnu nefndarinnar. Z-listinn tekur heilshugar undir þá stefnu að veita ekki leyfi til frekari virkjanaframkvæmda hvorki í vatnsaflri né jarðhita nema sannanleg og mikil not séu af orkunni heima í heraði. Z-listinn vill samt vara við því að hleypa virkjunum undir 10 MW athugunarlítioð í gegnum þessa umræðu. Virkjanir allt að 10 MW eru ansi stórar virkjanir, mikið stærri en venjulegar heimaráfstöðvar þurfa og geta haft umtalsverð áhrif bæði á umhverfið og samfélög. Í þessu samhengi má benda á að HS orka sem fundað var með í þessu ferli er stór eigandi í hinum ýmsu fyrirtækjum sem standa að smærri virkjunum viða um land og virðist þetta vera þeirra leið til að afla orku fram hjá ferli Rammaáætlunar.*

Jóhannes Gissurarson óskar bókunar;

*Mér finnst óþarflega langt gengið að takmarka uppyggingu virkjana umfram 10 MW við þá stefnu að orka verði nýtt innan viðkomandi sveitarfélaga. Það er alveg ljóst eins og staðan er í dag á miðsvæði Suðurlands er harla óliklegt að orkan verði öll nýtt þar. Þá má einnig benda á að með þessari stefnumörkun SASS er mögulega verið að skerða hlunnindamöguleika einstakra landeiganda sem land eiga að þeim virkjanamöguleikum sem í sveitarfélagini eru.*

- 1801008 Beiðni um styrk með niðurfellingu fasteignagjalda 2017. Björgunarsveitin Kyndill. dags. 28. desember 2017

*Leiðslu  
HLG*



# Skaftárhreppur

*Sveitarstjórn samþykkir stuðninginn. Gert er ráð fyrir styrknum á lið 0789-9921 á fjárhagsáætlun 2017.*

3. 1801008 Umboð vegna kaupa á færانlegri kennslustofu vegna stækunar á heilsuleikskólanum Kærabæ  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps veitir Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969 sveitarstjóra fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita kauptilboð, kaupsamning, ibúðabréf og afsal og öll önnur nauðsynleg gögn er varða kaup Skaftárhrepps kt. 480690-2069 á færانlegri kennslustofu fyrir Heilsuleikskólann Kærabæ að upphæð 10.850.000,- og inna af hendi greiðslur.*
  4. 1801009 Umsókn um tækifærisleyfi fyrir félagsheimilið Kirkjuhvol frá Þorrablótinu á Kirkjubæjarklaustri kt. 450316-1050 – beiðni um umsögn. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 28.12.2017  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
  5. 1705007 Meðalland í Skaftárhreppi – Úttekt - drög. Lýsing, staða og möguleikar til framtíðar. Desember 2017. VSÓ. Beiðni um umsögn.  
*Sveitarstjórn fagnar því að drög að úttekt vegna ríkisjarða í Meðallandi liggi fyrir. Sveitarstjórn hvetur ríkisvaldið til að fylgja úttektinni eftir og koma jörðum sínum í viðeigandi nýtingu sem allra fyrst.*
- Jóhannes Gissurarson lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi.*
6. 1710014 Herjólfssstaðaskóli  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps felur sveitarstjóra að útbúa timabundin leigusamning til eins árs í samræmi við umsókn. Hafi íbúar í Álfaveri aðrar hugmyndir að nýtingu hússins skal útfærðum hugmyndum komið á framfari við sveitarstjórn.*
  7. 1709007 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs – síðari umræða  
*Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið samþykktina til umsagnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda samþykktina til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til samþykktar og auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.*
  8. 1801011 Stuðningsyfirlýsing við tilnefningu ríkisstjórnar Íslands um að svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs verði tekið inná heimsminjaskrá UNESCO. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. dags. 05. janúar 2018.  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma með tillögu að stuðningsyfirlýsingu og senda á sveitarstjórn til umsagnar.*
  9. 1801012 Deiliskipulag vegna uppbyggings á nærsvæði Íþróttamiðstöðvar og skóla.  
*Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd að vinna lýsingu á deiliskipulagi svæðisins samhliða aðalskipulagsbreytingunni.*

## III. Fundargerðir til kynningar

1. 1604031 Fundargerð 50. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 14.12.2017. Fundargerð kynnt.



2. 11708002 Fundargerðir fjallskilanefnar Álftaversafréttar 2017. *Fundargerðir kynntar.*
3. Fundargerð 855. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. dags. 15. desember 2017. *Fundargerð kynnt.*






## IV. Annað kynningarefni.

1. Úrskurður úrskurðarnefnar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru á ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 9. febrúar 2016 um að fyrirhugað hótel í landi Orustustaða í Skaftárhreppi, og framkvæmdir því tengdar, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. dags. 22. desember 2017. *Kynnt.*
2. 1611012 Brunarvarnaráætlun ekki í gildi, Skaftárhreppur. Mannvirkjastofnun. dags. 3. janúar 2018. *Kynnt.*
3. Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi – lykilhlutverk sveitarfélaga. Landgræðsla ríkisins. dags. 12. desember 2017. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 8. febrúar 2018

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15:57

  
Eva Björk Harðardóttir  
Jóhannes Gissurarson  
Heiða Guðny Ásgeirsdottir  
Bjarki Guðnason  
Sverrir Gíslason